

Ársskýrsla
Velferðarsviðs
Reykjavíkurborgar 2006



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið



Efnisyfirlit

Ávarp	3
Hlutverk Velferðarsviðs	4
Nefndir og ráð	4
Mannfjöldi eftir hverfum	8
Helstu nýmæli 2006	10
Chief innovations in 2006	15
Þjónusta	21
Fjárhagsaðstoð	21
Húsnæðismál	26
Búseta fyrir fatlaða	36
Ráðgjöf	37
Barnavernd Reykjavíkur	38
Starfsemi fyrir börn og unglinga	41
Félagsstarf	45
Stuðningur við fólk í heimahúsum	46
Fjármál	50
Helstu lykiltölur 2005 og 2006	55

Ávarp

Í upphafi nýs árs eru alltaf ákveðin tímamót. Við sjáum ekki alltaf hvað nýtt ár ber í skauti sér hversu vel sem við undirbúum okkur en eitt er víst að við taka ný fyrirheit og ný markmið. Árið 2006 var tímamótaár fyrir Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Í maí 2006 kom til starfa nýr meirihluti í borginni og þar með nýtt velferðarráð. Með nýjum einstaklingum koma nýjar áherslur. Nýtt velferðarráð setti fram nýjar áherslur sem byrjað var að vinna eftir árið 2006 og unnið verður áfram að. Í ágúst 2006 lét fyrrverandi sviðsstjóri Velferðarsviðs af störfum eftir 12 ára farsælt starf. Segja má að á þeim 12 árum hafi mikið vatn runnið til sjávar í uppbyggingu nútímalegrar félagsþjónustu undir stjórn fyrrverandi sviðsstjóra. Á hún heiður og þakkir skildar fyrir sitt frábæra hugsjónastarf. Hún lagði grunninn að góðri og skilvirkri þjónustu sem nýr sviðsstjóri heldur nú áfram að þróa.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar starfar í umboði velferðarráðs og barnaverndarnefndar. Velferðarsvið ber ábyrgð á allri velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar, þ.m.t. félagsþjónustu, barnavernd og forvarnarmálum. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum í umboði velferðarráðs, þarfagreining og forgangsöröðun velferðarverkefna, áætlanagerð, samhæfing og samþætting á sviði velferðarþjónustu, nýsköpun, þróun nýrra úrræða, aðferða og leiða við veitingu þjónustunnar og eftirlit og mat á árangri. Velferðarsvið sér einnig um rekstur margs konar miðlægrar þjónustu, s.s. barnaverndar, hjúkunarheimila og sérhæfðra heimila fyrir börn og fullorðna. Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar annast framkvæmd samþættrar þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur í hverfum borgarinnar.

Helstu áherslur velferðarráðs eru:

- Samþætting, uppbygging og aukin þjónusta við aldraða og fatlaða í heimahúsum



- Aukin áhersla á forvarnarstarf, barnavernd, stuðning og aðstoð við fátæk börn og börn í áhættuhópum
- Uppbygging félagslegs leiguhúsnæðis og aukinn stuðningur við tekjulágt fólk í húsnæðisvanda
- Aukin lífsgæði fyrir þá sem hafa fengið fjárhagsaðstoð í langan tíma með áherslu á endurhæfingu og starfsþjálfun
- Þróun þjónustu við innflytjendur

Sérstök áhersla er lögð á málefni aldraðra sem endurspeglast í eftirtöldu:

- Byggðar verða 200-300 þjónustuíbúðir á kjörtímabilinu
- Áætlun um bætta heimþjónustu og fjölgun dagvistarrýma
- Undirbúningur að umtalsverðri fjölgun hjúkrunarrýma
- Samráðshópur um málefni eldri borgara
- Stýrihópur í búsetuúrræðum aldraðra

Ársskýrsla Velferðarsviðs sem nú kemur út endurspeglar þá fjölbættu og margbreytilegu þjónustu sem sviðið ber ábyrgð á. Í henni er mikilvægt safn upplýsinga sem nauðsynlegar eru við daglega starfsemi og framtíðarþróun þjónustunnar. Velferðarþjónusta er viðkvæm þjónusta sem gengur út á að auka lífsgæði þeirra einstaklinga sem þurfa stuðning, ráðgjöf og aðstoð við daglegt líf, ýmist tímabundið eða til frambúðar. Þjónustan þarf að taka mið af þörfum fólks hverju sinni. Í síbreytilegu samfélagi þarf þjónustan að vera skjót og sveigjanleg svo hægt sé að mæta þörfum fólks á hverjum tíma en með nýjum kynslóðum koma nýjar þarfir. Velferðarsvið hefur á að skipa einstöku starfsfólki sem býr yfir mikilli þekkingu og færni, án góðs starfsfólks er sérhver starfsemi rýr. Sviðsstjóri þakkar starfsfólki Velferðarsviðs góðar móttökur á árinu 2006 og frábært starf á árinu.

Stella K. Víðisdóttir
sviðsstjóri Velferðarsviðs

Hlutverk Velferðarsviðs

Velferðarsvið ber ábyrgð á velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar, þ.m.t. barnavernd og félagsþjónustu fyrir alla aldurshópa. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum, áætlanagerð, samhæfing og samþætting á sviði velferðarþjónustu, eftirlit og mat á árangri og þróun nýrra úrræða.

Þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar sjá að mestu um framkvæmd þjónustunnar í samræmi við þjónustusamning Velferðarsviðs og þjónustu- og rekstrarsviðs. Velferðarsvið sér þó um rekstur margs konar miðlægrar þjónustu, s.s. hjúkrunarheimila og sérhæfðra heimila fyrir börn og fullorðna. Enn fremur tilheyrir skrifstofa Barnaverndar Reykjavíkur Velferðarsviði.

Þá ber Velferðarsvið ábyrgð á heildstæðu forvarnarstarfi innan Reykjavíkurborgar.

Helstu verkefni eru:

Stefnumótun og áætlanagerð.

Eftirlit og mat á árangri.

Samhæfing og samþætting.

Nýsköpun og þróun úrræða.

Mat á þjónustugæðum.

Tengsl rannsókna og þjónustu.

Velferðarsvið vinnur með tveimur ráðum og nefndum og sinnir málefnum þeirra; velferðarráði og barnaverndarnefnd Reykjavíkur auk þess sem Velferðarsvið vinnur með þjónustuhópi aldraðra.

Nefndir og ráð

Velferðarráð

Á árinu 2006 hélt velferðarráð 21 fund.

Í velferðarráði fram til 27. júní sátu

- Björk Vilhelmsdóttir formaður,
- Marsibil Sæmundsdóttir varaformaður,
- Stefán Jóhann Stefánsson,
- Jóna Hrönn Bolladóttir,
- Guðrún Ebba Ólafsdóttir,
- Jórunn Frímannsdóttir,
- Marta Guðjónsdóttir.
- Guðlaugur Þór Þórðarson tók sæti þann 2. maí 2006 fyrir Mörtu Guðjónsdóttur.

Áheyrnarfulltrúi:

- Margrét Sverrisdóttir.

Varamenn

- Grímur Atlason
- Guðrún Erla Geirsdóttir,

- Felix Bergsson,
- Óttar Örn Guðlaugsson,
- Kristján Guðmundsson,
- Jóna Lárusdóttir.

Áheyrnarfulltrúi vara:

- Heiða Dögg Liljudóttir.

Í velferðarráði eftir 27. júní sátu

- Jórunn Frímannsdóttir formaður,
- Marsibil Sæmundsdóttir varaformaður,
- Sif Sigfúsdóttir,
- Steinarr Björnsson,
- Björk Vilhelmsdóttir,
- Oddný Sturludóttir,
- Þorleifur Gunnlaugsson.

Áheyrnarfulltrúi:

- Margrét Sverrisdóttir.



Varamenn

- Elínbjörg Magnúsdóttir,
- Ella Þóra Jónsdóttir,
- Fanný Jónsdóttir,
- Páll Einarsson,
- Hrafnkell Tumi Kolbeinsson,
- Bryndís Hlöðversdóttir,
- Stefán Benediktsson.

Áheyrnarfulltrúi vara:

- Guðrún Ásmundsdóttir.

Starfsmenn Velferðarsviðs sem sátu fundi:

- Lára Björnsdóttir, sviðsstjóri Velferðarsviðs, lét af störfum á árinu og við starfi sviðsstjóra tók
- Stella K. Víðisdóttir.
- Sigríður Jónsdóttir, skrifstofustjóri Velferðarsviðs.
- Ellý A. Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri velferðarþjónustu.
- Ingunn Þórðardóttir, skrifstofustjóri rekstrar- og þjónustu-úrræða.
- Helga Jóna Benediktsdóttir, skrifstofustjóri lögfræðiskrifstofu.

Barnaverndarnefnd

Á árinu 2006 hélt barnaverndarnefnd 13 fundi.

Í barnaverndarnefnd fram til 27. júní sátu

- Gréta Baldursdóttir,
- Guðlaug Guðrún Teitsdóttir,
- Sigmundur Stefánsson,
- Hanna Johannessen,
- Kristín Edwald.

Varamenn

- Svava Halldóra Friðgeirsdóttir,
- Erla Björg Sigurðardóttir,
- Sigrún Sigurðardóttir,
- Svanhvít Axelsdóttir,
- Bessý Jóhannsdóttir.

Í barnaverndarnefnd eftir 27. júní sátu

- Kolbrún Ólafsdóttir,
- Ólöf Finnsdóttir,
- Bessí Jóhannsdóttir,
- Jóhann Björnsson,
- Heiða Björg Pálmadóttir.

Varamenn

- Arnar Þór Sævarsson,
- Helga Kristín Auðunsdóttir,
- Svanhvít Axelsdóttir,
- Dögg Proppé Húgósdóttir,
- Guðlaug Magnúsdóttir.

Starfsmenn Velferðarsviðs sem sátu fundi:

Framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur sat fundi nefndarinnar auk lögmanns Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Verkaskipting milli velferðarráðs, áður félagsmálaráðs, og barnaverndarnefndar Reykjavíkur vegna málefna barna

Reglur um verkaskiptingu milli félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur voru samþykktar árið 2000, samkvæmt heimild barnaverndarlaga nr. 58/1992 og heimild laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Verkaskiptingin er eftirfarandi:

Velferðarráð Reykjavíkur:

- Stefnumótun og uppbygging úrræða.
- Rannsóknir og kannanir.
- Almennt eftirlit með aðbúnaði og vinnu barna.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur:


- Eftirlit með aðbúnaði, hátterni og uppeldisskilyrðum barna.
- Tekur við barnaverndartilkynningum, annast og ber ábyrgð á málsmeðferð og beitir viðeigandi úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum.
- Eftirlit með heimilum og stofnunum.
- Önnur verkefni sem barnaverndarnefndum eru falin lögum samkvæmt hverju sinni.




Hverfaskipting í Reykjavík

- 1. Vesturbær
- 2. Miðborg
- 3. Hlíðar
- 4. Laugardalur
- 5. Háaleiti

- 6. Breiðholt
- 7. Árbær
- 8. Grafarvogur
- 9. Kjalarnes
- 10. Úlfarsfell





9.
Kjalarnes

8.
Grafarvogur

10.
Úlfarsfell

7.
Árbær

6.
Breiðholt




Mannfjöldi eftir hverfum

Íbúar í Reykjavík 31. desember 2006 voru 116.615 samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.


Mannfjöldi í Reykjavík - Skipting eftir hverfum

Hverfi	Fjöldi	%
Vesturbær	15.411	13,2%
Miðborg	8.327	7,1%
Hlíðar	9.375	8,0%
Laugardalur	15.332	13,1%
Háaleiti	13.599	11,7%
Breiðholt	20.723	17,8%
Árbær	14.093	12,1%
Grafarvogur	18.300	15,7%
Kjalarnes	1.031	0,9%
Óstaðsettir í hús	260	0,2%
Sendiráð erlendis	164	0,1%
Samtals	116.615	100,0%



Mannfjöldi í Reykjavík - Skipting eftir þjónustumiðstöðvum

Þjónustumiðstöð	Fjöldi íbúa	Hlutfall
Vesturbær	15.411	13,2%
Miðborg og Hlíðar	17.702	15,2%
Laugardalur og Háaleiti	28.931	24,8%
Breiðholt	20.723	17,8%
Árbær	14.093	12,1%
Grafarvogur og Kjalarnes	19.331	16,6%
Óstaðsettir í hús/sendiráð erlendis	424	0,4%
Samtals	116.615	100,0%





Aldursskipting íbúa. – Hlutfallsleg skipting eftir þjónustumiðstöðvum

Aldur	Vesturbær	Miðborg og Hlíðar	Laugardalur og Háaleiti	Breiðholt	Árbær	Grafarvogur og Kjalarnes
0-12 ára	17%	13%	15%	17%	21%	21%
13-17 ára	6%	5%	6%	7%	7%	9%
18-29 ára	22%	23%	16%	19%	19%	18%
30-49 ára	29%	30%	27%	27%	30%	31%
50-66 ára	16%	16%	18%	21%	17%	16%
67-79 ára	6%	7%	11%	7%	5%	4%
80 ára og eldri	4%	5%	7%	2%	1%	1%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Fjölskyldugerð - íbúar 18 ára og eldri. Hlutfallsleg skipting eftir þjónustumiðstöðvum

Fjölskyldugerð	Vesturbær	Miðborg og Hlíðar	Laugardalur og Háaleiti	Breiðholt	Árbær	Grafarvogur og Kjalarnes
Hjón/sambýlisfólk með börn	25%	18%	23%	23%	33%	36%
Hjón/sambýlisfólk barnlaus	21%	20%	27%	26%	26%	23%
Einstætt foreldri	7%	6%	5%	7%	6%	7%
Einhleypur karl	24%	30%	23%	24%	21%	20%
Einhleyp kona	23%	26%	22%	18%	14%	14%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Helstu nýmæli 2006

Aldraðir

Bætt nærþjónusta við aldraða.

Settur var á laggjarnar starfshópur sem hafði það markmið að kortleggja þjónustu sem eldri borgurum stendur til boða af hálfu hins opinbera sem og annarra aðila. Einnig á hópurinn að koma með almennar tillögur um að bæta þjónustuna við eldri borgara og rjúfa einangrun þeirra sem búa einir. Starfstími hópsins er fram til ársins 2007.

Nærþjónustuhópar aldraða.

Nærþjónustuhópunum er ætlað að meta stöðu einstaklinga í hverfum borgarinnar og leitast við að bæta úr aðstæðum þeirra sem á þurfa að halda. Hópunum er stýrt af þjónustumiðstöðvum borgarinnar, en auk fulltrúa þeirra eru í hópunum fulltrúar frá Reykjavíkurborg, Rauða krossins, Félagi eldri borgara, Heilsugæslu og sóknarkirkju í viðkomandi hverfi.

Þjónustuhópur aldraða.

Skipaður var þjónustuhópur aldraða. Í hópnum sitja fulltrúar aldraða ásamt fulltrúa Velferðarsviðs. Hópurinn fjallaði um margvísleg málefni aldraða Reykvíkinga. Þjónustuhópurinn fundaði fjórum sinnum á árinu.

Skipulagðar heimsóknir til aldraða.

Vinnuhópur um skipulagðar heimsóknir til aldraða hóf störf. Hópurinn tók út stöðu mála, kynnti sér sambærilega heimsóknarþjónustu á Akureyri og erlendis, einnig kynnti hópurinn sér álit sérfræðinga. Hópurinn kom með tillögur og í kjölfarið hófust skipulagðar heimsóknir til aldraða.

Vinnuhópur um þjónustuíbúðir í Grafarvogi.

Við undirbúning byggingar allt að 50 þjónustuíbúða kjarna fyrir aldraða vestan við Spöngina í Grafarvogi var settur á laggjarnar vinnuhópur sem hafði það hlutverk að koma með tillögu að skipulagi þjónustuíbúðanna, skilgreina þá þjónustu sem boðið yrði uppá og skilgreina markhópin og hvernig úthlutun íbúðanna yrði háttað. Vinnuhópurinn skilaði skýrslu í október 2006.

Kynningarbæklingur.

Gefinn var út bæklingur um þjónustu Reykjavíkurborgar við eldri borgara þar sem þjónustan var kynnt. Bæklingurinn var sendur til allra Reykvíkinga 70 ára og eldri.

Framtíðarskipulag Seljahlíðar.

Samþykkt var nýtt framtíðarskipulag hjúkrunar- og dvalarheimilisins Seljahlíðar. Í því birtist stefna Velferðarsviðs um „þjónustuíbúðina heim“ og þær áherslur sem lagðar eru í samþættingu heimahjúkrunar og heimaþjónustu.

Ferðarþjónusta fatlaðra og akstursþjónusta eldri borgara.

Skipaður var starfshópur um mat á umsóknum um ferðarþjónustu fatlaðra og akstursþjónustu fyrir eldri borgara. Viðfangsefni starfshópsins var hvernig komið verði til móts við þarfir notenda þjónustunnar. Hópurinn undirbjó og samdi tillögur að verklagsreglum við mat umsókna.

Húsnæðismál

Starfshópur um stöðu og þróun í nýtingu sérstakra húsaleigubóta.

Eitt af markmiðum Velferðarsviðs í starfsáætlun 2006 var að auka möguleika Reykvíkinga í húsnæðisvanda. Skoðuð var þróun sérstakra húsaleigubóta, lagt mat á þörf á breytingum á skilyrðum og hugsanlegum leiðum til að gefa fleiri einstaklingum í erfiðum aðstæðum möguleika á að nýta sér þetta úrræði. Niðurstöður voru lagðar fyrir velferðarráð 11. október 2006. Niðurstöður hópsins voru í stuttu máli eftirfarandi: *Mikilvægt er að sérstakar húsaleigubætur verði raunhæfari valkostur en nú virðist vera. Brýnt er að taka upp viðræður við ríkið varðandi hækkun á grunnupphæð almennra húsaleigubóta til samræmis við hækkun á vísitölu húsaleigu.*



Börn og ungmenni

Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar.

Starfshópur til að hafa umsjón með framkvæmd forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar hóf störf í nóvember 2006. Hópurinn er skipaður til eins árs. Hann skipa fulltrúar frá Velferðarsviði, Menntasviði, ÍTR, Þjónustumiðstöð og Leikskólaskrifstofu. Hópnun er m.a. ætlað að hafa yfirsýn og tryggja markvisst forvarnarstarf á vegum borgarinnar og hafa eftirlit með framkvæmd forvarnarstefnunnar, gera tillögur til velferðarráðs varðandi styrkveitingar til verkefna sem falla undir markmið forvarnarstefnunnar, eiga frumkvæði að forvarnarverkefnum o.fl. Í forvarnarstefnunni er lögð áhersla á að forvarnir hefjist strax í barnæsku, séu heildstæðar, víðtækar og sameini krafta og stöðu borgarbúa og borgarstarfsmanna.

Spilafíkn.

Starfshópur um spilafíkn var skipaður skv. erindisbréfi í mars 2006, í þeim tilgangi að meta þróun spilafíknar meðal ungs fólks í Reykjavík og benda á leiðir til viðbragða ef þörf væri talin á. Verkefni hópsins var að gera könnun innan þjónustumiðstöðva, kanna stöðu mála hjá meðferðarstöðvum, félagasamtökum og lögreglu m.a. til að fá hugmyndir um leiðir til úrbóta. Hópurinn skilaði skýrslu með niðurstöðum vinnu sinnar á vordögum. Í könnun sem var unnin kemur fram að mikilvægt sé að greina vanda vegna spilafíknar eins fljótt og kostur er. Því var lögð áhersla á að tiltæk úrræði séu fyrir hendi og þróuð, að fræðsla verði efld, sem og forvarnir.

Eftirmeðferðarmál.

Skipaður var starfshópur um eftirmeðferðarmál ungs fólks að 20 ára aldri. Starfshópnum var ætlað að taka út stöðuna í málaflokknum, kynna sér úrræði, leita álits sérfræðinga á þörfinni og mögulegum úrbótum, koma með tillögur til úrbóta o.fl. Hópurinn skilaði skýrslu með niðurstöðu vinnu sinnar á vordögum. Hópurinn leitaði upplýsinga hjá aðilum sem eru að vinna að þessum málaflokki, auk ráðgjafa hjá þjónustumiðstöðvum og Barnavernd og fundaði með mörgum aðilum. Í lokaorðum skýrslunnar kemur fram mikilvægi þess að samfella sé á milli meðferðar og eftirmeðferðar, að traust ríki milli þeirra aðila sem eru að vinna að málefnum barns-

ins og foreldra þess og að tiltæk úrræði séu til staðar. Bent var á að bestur árangur næst þegar öflugur einstaklingsmiðaður stuðningur er veittur og eftirmeðferð er órjúfanlegur þáttur af meðferð.

Ályktun um áfengisauglýsingar.

Velferðarráð ályktaði í janúar um áfengisauglýsingar:

Velferðarráð Reykjavíkurborgar fagnar þeirri vinnu sem á sér stað á vegum Lýðheilsustöðvar til að vinna gegn óheimilum áfengisauglýsingum í fjölmiðlum. Niðurstöður rannsókna sýna að það getur verið skýrt samband á milli auglýsinga og áfengisneyslu ungs fólks og því hvetur velferðarráð til þess að þessum áfengisauglýsingum verði hætt eins og ráðið hefur áður ályktað um. Jafnframt minnir velferðarráð á þær reglur sem í gildi eru um aldurstakmörk við meðferð áfengis og hvetur alla aðila til að sýna ábyrgð í þeim efnum.



Ungt fólk í Reykjavík 2006.

Þann 7. desember boðaði Velferðarsvið til blaðamannafundar þar sem aðilar frá Rannsókn og greiningu kynntu nýútkomna skýrslu; Ungt fólk í Reykjavík 2006. Í skýrslunni eru niðurstöður könnunar á högum og líðan grunn-skólanema í 8., 9. og 10. bekk. Þetta er í níunda skipti sem upplýsingar af þessu tagi eru unnar af starfsmönnum Rannsóknar og greiningar fyrir Reykjavíkurborg. Í þetta sinn er horft til neyslu ungmenna á tóbaki, áfengi og ólöglegum vímuefnum og þær niðurstöður bornar saman við ungmenni sem búa utan Reykjavíkur. Markmiðið er að kanna hversu algeng vímuefnaneysla er meðal þessa aldurshóps. Einnig er greint frá niðurstöðum sem snerta félagslegt umhverfi ungmenna í Reykjavík og samanburður gerður við ungmenni annars staðar af landinu.

Ný aðferðafræði við vinnslu barnaverndartilkynninga.

Barnavernd Reykjavíkur hefur árin 2004 og 2005 unnið að nýju fyrirkomulagi í vinnslu kannana þegar barnaverndartilkynningar berast. Markmiðið er að vinna barnaverndartilkynningar á skjótari og árangursríkari hátt. Þegar barnaverndartilkynning berst frá opinberum aðilum eru allir hlutaðeigandi aðilar kallaðir saman. Reynslan hefur sýnt að með þessari aðferð fæst niðurstaða á skjótari og árangursríkari hátt. Miðað er að því að þetta fyrirkomulag verði ríkjandi í vinnslu barnaverndartilkynninga frá opinberum aðilum. Á árinu fékk hópur starfsmanna Barnaverndar Reykjavíkur þjálfun í vinnuaðferðinni til þess að auka enn frekar faglega þekkingu sína á þessari nýju nálgun í vinnslu kannana.

Breytt rekstrarform

Foldabær.

Velferðarsvið tók við rekstri Foldabæjar, stoðbýli fyrir átta minnisskertar konur, sem rekið hefur verið samkvæmt samstarfssamningi við Reykjavíkureild Rauða krossins frá 1994.

Íbúðir Félags einstæðra foreldra.

Velferðarsvið tók við rekstri íbúða Félags einstæðra foreldra að beiðni Félags einstæðra foreldra.

Gistiskýlið.

Ákveðið var að leita eftir samstarfsaðilum um rekstur gistiskýlisins í Þingholtsstræti sem Velferðarsvið áður rak. Velferðarsvið auglýsti eftir samstarfsaðilum í lok árs.

Samstarf

Samráð Reykjavíkurborgar og eldri borgara.

Velferðarsvið, Félag eldri borgara í Reykjavík og Samtök aldraðra funduðu um fyrirkomulag samráðs Reykjavíkurborgar og eldri borgara í borginni. Reykjavíkurborg hefur nú formlegt samráð við Félag eldri borgara í gegnum þjónustuhóp aldraðra, notendaráð og eins í ýmsum vinnuhópum um tiltekin verkefni.

Rannsóknarsetur um barna- og fjölskylduvernd.

Þann 12. maí var stofnað Rannsóknarsetur í barna- og

fjölskylduvernd (RBF), með það að markmiði að efla fjölskyldurannsóknir í félagsráðgjöf. Í stjórn setursins eiga sæti auk Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, félagsráðgjafarskor Háskóla Íslands, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa og Félagsvísindastofnun. Forstöðumaður RBF stýrir starfseminni. Á árinu gaf RBF út bókina „Heilbrigði og heildarsýn. Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu“. Í bókinni er kafli eftir sviðsstjóra Velferðarsviðs. Í desember kom út fyrsta hefti nýrrar ritraðar sem gefið er út af RBF. Þar er fjallað um niðurstöður rannsóknar á viðhorfi og vilja eldra fólks sem búa í heimahúsum. Einnig hefur setrið staðið fyrir málþingum.

Samstarf við Háskóla Íslands.

Velferðarsvið hefur lagt mikla áherslu á gott samstarf við Háskóla Íslands og þá sérstaklega við námsbraut í félagsráðgjöf. Kostuð er lektorsstaða í félagsráðgjöf og árlega kemur hópur nema í félagsráðgjöf í starfsþjálfun á hinar ýmsu starfsstöðvar sviðsins. Undanfarin ár hefur verið veittur sérstakur styrkur fyrir karlmenn til náms í félagsráðgjöf. Nemar í Háskólanum hafa leitað eftir upplýsingum og handleiðslu hjá starfsmönnum Velferðarsviðs vegna ritgerðarverkefna. Starfsmenn Velferðarsviðs kenna á hinum ýmsu námskeiðum innan Háskólans og Endurmenntunar.

Verkefni um móttöku flóttamanna hjá Reykjavíkurborg 2005–2006.

Skipaður var samráðshópur um móttöku flóttamanna í Reykjavík. Í hópnum voru aðilar frá félagsmálaráðuneytinu, Velferðarsviði og Rauða krossinum. Verkefninu lauk á haustmánuðum og var gefin út skýrsla um framkvæmdina. Við lok verkefnisins var það mat samráðshópsins að móttaka flóttamannanna hafi tekist vel og reynslan væri jákvæð. Í framhaldi var ákveðið að borgin tæki aftur á móti hópi flóttafólks og hafinn var undirbúningur á móttöku nýs hóps.

Málefni fanga.

Á árinu voru haldnir tveir morgunverðarfundir um málefni fanga. Fyrri fundurinn fjallaði um þjónustu við fanga; vímuefnaaðferð á afplánunartíma. Síðari fundurinn skoðaði málefni aðstandenda og barna fanga.



Náum áttum-hópurinn.

Velferðarsvið á fulltrúa í Náum áttum-hópnum sem er opinn samstarfshópur um fræðslu- og fíkniefnamál. Hópurinn hefur einbeitt sér að málefnum sem snerta börn og ungmenni og fjölskyldur þeirra. Í Náum áttum-hópnum eru fulltrúar ýmissa aðila, bæði frá ríki og sveitarfélögum og frjálsum félagamönnum og hagsmunasamtökum. Hópurinn stendur fyrir mánaðarlegum morgunverðarfundum yfir vetrartímann, fær þá fyrirlesara til að halda erindi og umræður á eftir, jafnan er leitast við að taka málefni sem eru brýn hverju sinni, ýmist til að fræða eða vekja athygli á og skapa umræðu. Fundina sækja á bilinu 30–100 manns.

Sambætting heimþjónustu í Reykjavík.

Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að byggja upp samfellda þjónustu inni á heimilum fólks, til þess að gera því kleift að búa sem lengst á eigin heimili og draga úr stofnavistun. 1. mars 2006 lauk tveggja ára tilraunatímabili sambættingar félagslegrar heimþjónustu og heimahjúkrunar og verkefnisstjóri sem stýrt hafði verkefninu lauk störfum. Í maí 2006 var skipaður nýr stýrihópur til eins árs skipaður fulltrúum Miðstöðvar heimahjúkrunar, Velferðarsviðs og þjónustumiðstöðvar Laugardals/Háaleitis. Nýr verkefnisstjóri var ráðinn. Unnið var áfram að sameiginlegu mati og þjónustuáætlun fyrir þá sem fá heimþjónustu og heimahjúkrun í hverfum borgarinnar. Starfsfólk heimþjónustu og heimahjúkrunar fékk kennslu á sameiginlegt matstæki, RAI - Home Care - sem tekið var í notkun vorið 2005. Unnið var að því að færa framkvæmd og stýringu kvöld- og helgarþjónustu út í hverfi borgarinnar. Einnig var unnið að undirbúningi tillagna um öryggissíma sem er viðbótarþjónusta fyrir fólk í þjónustubörf sem býr á eigin heimili

Ráðstefnur, úttektir og rannsóknir

Úttekt á stjórnskipan.

Invis ehf. tók út mögulegar leiðir til að haga stjórnskipan velferðarmála. Úttektaraðili lagði til að:

- þjónustumiðstöðvar yrðu fluttar undir Velferðarsvið
- áfram yrði lögð áhersla á sjálfstæði þjónustumið-



- hverfisráðum yrði fækkað úr tíu í sex
- nafni og starfsemi þjónustu- og rekstrarsviðs yrði breytt

Úttekt á eldhúsum Velferðarsviðs.

Á árinu var unnið að rekstrarúttekt á eldhúsum Velferðarsviðs, skv. markmiði í starfsáætlun Velferðarsviðs 2006. Niðurstöður heildarúttektar sem ráðgjafarfyrtækið Par-X vann lágu ekki fyrir á árinu, en niðurstöður úr könnun á næringarsamsetningu fæðis í eldhúsum Velferðarsviðs og niðurstöður könnunar á viðhorfum notenda sem snæða í mótuneytum Velferðarsviðs lágu fyrir á árinu. Þessar kannanir voru liður í rekstrarúttektinni

Nýsköpunarsjóðsverkefni.

Sumarið 2006 fékkst styrkur frá Nýsköpunarsjóði námsmanna til að kanna árangur sambættingar félagslegrar heimþjónustu og heimahjúkrunar. Sambærileg rannsókn hafði farið fram sumarið 2004, einnig með styrk frá Nýsköpunarsjóði. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að samvinna og samábyrgð hafði aukist milli þeirra sem stýra heimþjónustunni og þar með sameiginleg ábyrgð á einstaklingunum sem hljóta heimþjónustu í sínu hverfi og þar með samábyrgð þessara tveggja aðila – heimþjónustu og heimahjúkrunar á þjónustunni í hverfinu. Yfirfærsla hafði orðið á verkum milli heimþjónustu og heimahjúkrunar, skv. ákveðnu skipulagi þar um og samvinna milli aðila um sameiginlega þjónustu inni á heimilunum. Fjölgun hafði orðið í hópi þeirra sem fá fjölþætta þjónustu – bæði aukna og fjölbreyttari aðstoð við athafnir daglegs lífs og sérhæfðari hjúkrunarþjónustu.

Málstofa um notendasamráð.

Á haustdögum 2006 var haldin málstofa um aukna hlutdeild notenda í mótun og þróun velferðarþjónustu fyrir starfsfólk Velferðarsviðs og þjónustumiðstöðva. Kennari og sérstakur gestur á málstofunni var dr. Ilse Julkunen, dósent í félagsráðgjöf við Háskólann í Helsinki.

Börn og fátækt.

Í starfsáætlunum Félagsþjónustunnar undangengin ár hefur verið lögð mikil áhersla á stöðu barna í efnalitlum fjölskyldum í Reykjavík. Á grundvelli þess var ákveðið að kanna hvort börn í efnalitlum fjölskyldum finni fyrir mismunun og félagslegri útskúfun. Rannsóknarniðurstöður MA ritgerðar úr félagsráðgjöf við HÍ, sem unnin var í samvinnu við Velferðarsvið og 206 börn á aldrinum 10-12 ára í einu skólahverfi borgarinnar tóku þátt í, leiddu m.a. í ljós að börn upplifa ekki endilega samhengi milli fjárhagsstöðu fjölskyldunnar og eigin stöðu. Þetta sýnir mikilvægi sjónarhóls barnsins í rannsóknum á stöðu fjölskyldunnar. Niðurstöðurnar voru m.a. kynntar á norrænni barnaverndarráðstefnu haustið 2006.

Forsjárlausir feður

Rannsókn á stöðu forsjárlausra feðra var unnin af IMG – Gallup fyrir Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skv. samþykkt velferðarráðs. Rannsóknin var tvíþætt, annars vegar var um rýnihóparannsókn að ræða sem í tóku þátt fulltrúar úr hópi feðra og fulltrúar frá helstu opinberum aðilum sem að þessum málum koma. Á grundvelli niðurstöðna var spurningalisti mótaður sem lagður var fyrir úrtak úr hópi forsjárlausra feðra í Reykjavík. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar má ætla að í Reykjavík hafi um 2.200 feður verið forsjárlausir árið 2005. Helstu niðurstöður voru m.a. að um 65% feðranna hafa börn sín hjá sér aðra hvora viku, eða langa/venjulega helgi aðra hvora helgi. Um þriðjungur feðra segir heimsóknir barna sinna vera óreglulegar og 4 prósent feðra hafa börnin aldrei hjá sér. Rúm 90% feðra bjuggu einhvern tíma með móður barnanna. Við skilnað/sambúðarslit fékk einungis 31% foreldra ráðgjöf eða fræðslu um réttindi og skyldur gagnvart barni/börnum sínum. Á grundvelli rannsóknarniðurstöðna var gerð aðgerðaáætlun sem lýtur að högum og aðstæðum forsjárlausra feðra og barna þeirra. Niðurstöður þeirrar vinnu liggja fyrir í maí 2008.

Hagir og viðhorf eldri borgara.

Á árinu var í undirbúningi rannsókn á högum eldri borgara. Um samstarfsverkefni var að ræða á milli Reykjavíkurborgar, Landssambands eldri borgara, félagsmálaráðuneytis og Öldrunarráðs. Húsasmiðjan styrkti verkefnið. Rannsóknin var unnin af Capacent – Gallup og var framkvæmd í desember 2006. Um símakönnun var að ræða og náði til 1.176 aðila á landinu öllu og að auki til 600 manna aukaúrtaks í Reykjavík til að gefa gleggri mynd af stöðu Reykvíkinga. Aldur svarenda var 67-80 ár. Niðurstöður verða ekki gefnar út fyrr en á árinu 2007.



Chief innovations in 2006



The Elderly

Improved services for the elderly.

A special working group was formed to map out services available to elderly citizens in both the public and private sector. In addition to this the group is also to recommend general improvements to services provided to the elderly and ways to break the social isolation of those that live alone. The committee's operational period runs until 2007.

Social service groups for the elderly.

The service groups are meant to evaluate the conditions of individuals in the city's districts and seek to improve these conditions where needed. The committee is headed by the city's community service centres, but also includes representatives from the Reykjavik Branch of the Red Cross, the Association of the Elderly, the Primary Health Care Clinics, and the church of each district.

Service group of the elderly.

A service group of the elderly was appointed. The group is made up of representatives of the elderly and a representative of the Department of Welfare. The group discussed various issues regarding the elderly in Reykjavik. The service group met four times over the year.

Organised visits to the elderly.

A working group focused on organised visits to the elderly was created. The group looked at the current situation, similar home services in Akureyri and abroad, and sought the professional opinion of experts. The group made suggestions which resulted in organised visits to the elderly.

Working group on service apartments in Grafarvogur.

During the preparations for the construction of up to 50 full-service apartments for the elderly, west of the Spöng in Grafarvogur, a working group was created to make suggestions and recommendations for the lay-out of these service apartments, define the service that is to be offered, define the target-group, and suggest how to allocate these apartments. The group submitted a report in October 2006

Promotional brochure.

A brochure was published to promote the city's services to the elderly. It was distributed to all citizens at the age of 70 and over.

Future planning of Seljahlíd.

A new future plan for the Seljahlíd Nursing and Residential Home was approved. It is in accordance with the Department of Welfare's policy "the service apartment home" and the emphasis on the integration of home nursing and home services.

Travel services for the disabled and transport services for the elderly.

A working group was appointed to evaluate applications for travel services for the disabled and transportation for the elderly. The working group's task was to find a way to meet the needs of those who use these services. The group prepared and wrote recommendations to operating procedures for evaluating applications.



Housing

A working group on the standing and development in use of special rent benefits.

One of the Department of Welfare's goals in the annual plan for 2006 was to increase the possibilities for citizens with housing problems. The development of special rent benefits was looked into, as was the need for modification of conditions, and possible ways to enable more individuals in difficult situations to use this resort. The findings were presented to the Department of Welfare on the 11th of October 2006. In short the group concluded that:

It is important that special rent benefits become a more realistic option than it seems to be now. It is vital to enter into consultation with the State regarding the increase of the basic amount of general rent benefits in accordance to rise in the rent index.

Children and Youth

Prevention Policy.

A working group meant to oversee the implementation of the prevention policy of Reykjavik started operating

in November 2006. The group is appointed for one year. It is composed of representatives from the Department of Welfare, ITR, Department of Education, community service centres, and the Reykjavik City Pre-school Department. The group's task is to gain overview and to ensure systematic preventive measures on behalf of the city, to supervise the implementation of the prevention policy, make recommendations to the Department of Welfare concerning subsidisations to projects that adhere to the aims of the prevention policy, initiate prevention projects, etc. The prevention policy emphasises that prevention should start in early childhood, be integral, extensive, and should join the forces of citizens and city workers.

Gambling.

A working group was appointed on gambling problems in accordance to official duty regulations in March 2006. The purpose was to evaluate the development of gambling problems among young people in Reykjavik and to recommend ways to tackle these problems if necessary. The group's assignment was to conduct a survey within the community service centres, find out what the situation is within rehabilitation centres, organisations, and police, in order to get ideas for improvement among other things. The group submitted a report of its findings in the spring. Research suggests that it is important to detect gambling problems as soon as possible, and therefore emphasis was placed on availability and development of immediate treatment, and that education and prevention should be increased.

Post-treatment issues.

A working group was appointed on post-treatment issues of young people under 20. The group was to acquire a comprehensive overview of the field, study the available remedies, seek the opinion of experts on the needs and possible improvements, make recommendations for improvements, etc. The group submitted a report with its findings in spring. The group obtained information from those working within the field, and from community service centre councillors, and the



Reykjavik Child Welfare Agency, in addition to meeting with many others. The report concludes that it is

important to have continuum between detoxification treatment and post-treatment, that trust is established between those who work with the child's issues and its parents, and that immediate resources are available. It also states that success is most likely when intense support aimed at the individual is available, and that post-treatment is an inherent part of rehabilitation.

Resolution on alcohol advertisements.

In January the Welfare Council came to a resolution about alcohol advertisements:

The Department of Welfare welcomes The Public Health Institute of Iceland's campaign against illegal alcohol advertisements in the media. Scientific evidence shows that there can be a direct connection between advertising and the alcohol consumption of young people, and therefore the Welfare Council requests that the advertising of alcohol be stopped, as the Council has resolved before. The Welfare Council would also like to emphasise the current regulations on the age limits on the use of alcohol, and recommends strongly that everyone shows responsibility in the matter.

Young people in Reykjavik 2006.

The 7th of December the Department of Welfare called a press conference where representatives from The Icelandic Centre for Social Research and Analysis presented a newly published report; Young People in Reykjavik 2006. The report contains results from a survey performed on the conditions and wellbeing of primary school students in the 8th, 9th, and 10th grade. This is the ninth time that The Icelandic Centre for Social Research and Analysis collects data of this kind for Reykjavik City. This time the focus was on the use of tobacco, alcohol, and illegal drugs among youth in Reykjavik and the results compared to youths living outside Reykjavik. The aim is to find how common drug use is among this age group. The report also contains results on the social environment of youth in Reykjavik and compares those to youths in other parts of the country.



New methodology in processing child welfare reports.

